

Fimmtudagur 23. Febrúar 2017

Mættar á fund voru: Ásta Júlía, Hugrún, Signý, Sigurbjörg, Andrea og Eydís.

Ritari - Eydís

Andrea sagði frá stöðu reikning foreldrafélagsins en ekki var til nægur peningur fyrir leikritið Íslenski fillinn þar sem gjaldið fyrir danskennsluna hækkaði og bætt var við einu skipti. En í fyrr þá voru 5 skipti en núna 6 skipti, það eru líka fleiri börn í leikskólanum í ár en í fyrra.

Rætt var um að tala við sveitarfélagið til þess að fá greiðslur í foreldrafélagið reglulega og jafnháar en ekki eins og fyrirkomulagið er núna. Á að skoða það.

Öskudagurinn var ræddur og þeim sem ekki hafa áður verið í foreldrafélaginu sagt hvernig fyrirkomulag síðustu ára hafði verið. Foreldrafélagið kaupir inn smá nammi til þess að gefa elstu árgöngunum tveimur og svo eitthvað annað smottery með. Kom upp sú hugmynd að leyfa krökkunum að syngja í Húsasmiðjunni og í fyrirtækjunum þar í kring. Leist Hugrúnu vel á það og ætlaði hún að nefna það við starfsfólkið.

Næsti viðburður er Vorhátíðin en við munum funda þegar nær dregur varðandi hana.